

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – janúar 2024

Skráð atvinnuleysi í janúar var 3,8%

Skráð atvinnuleysi í janúar var 3,8% og hækkaði úr 3,6% í desember. Í janúar 2023 var atvinnuleysið hins vegar 3,7%.

Að meðaltali voru 7.340 atvinnulausir í janúar, 4.265 karlar og 3.075 konur. Að meðaltali fjölgaði atvinnulausum um 492 frá desember.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í janúar eða 6,7% og hækkaði úr 5,6% frá desember.

Minnst var atvinnuleysi á Norðurlandi vestra eða 1,7% og á Austurlandi 2,6%.

Alls komu inn 289 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í janúar.


Atvinnulausir voru 7.758 í lok janúar, 4.431 karl og 3.327 konur.

Í janúar voru 144 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og níu einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk.

Í janúar 2024 gaf Vinnumálastofnun út 323 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 276 á höfuðborgarsvæðinu.

Vinnumálastofnun spáir því að atvinnuleysi gæti orðið á bilinu 3,9% til 4,2% í febrúar 2024.

Próun atvinnuleysis frá janúar 2022 til janúar 2024




Atvinnuástand eftir landshlutum

Atvinnuleysi hækkaði á flestum stöðum á landinu frá desember nema á höfuðborgarsvæðinu þar sem það stóð í stað. Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í janúar eða 6,7% og hækkaði úr 5,6% frá desember. Næst mest var atvinnuleysið 3,6% á höfuðborgarsvæðinu í janúar. Atvinnuleysi var 4,0% á landsbyggðinni í janúar og hækkaði úr 3,5% frá desember.

Minnst var atvinnuleysi á Norðurlandi vestra eða 1,7% og á Austurlandi 2,6%.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í desember og janúar.


Atvinnuleysi eftir landshlutum



Atvinnuleysi var lægra meðal karla en kvenna á þremur svæðum á landinu í janúar, það er á Suðurlandi þar sem atvinnuleysi karla var 3,7% og 4,0% meðal kvenna, á Austurlandi þar sem atvinnuleysi karla var 2,5% og 2,8% meðal kvenna og á Suðurnesjum þar sem atvinnuleysi karla var 6,5% og 7,0% meðal kvenna.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í janúar.

Atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum



Greining atvinnuleysis

Greining þeirra sem voru atvinnulaus í lok mánaðar

Atvinnulausir voru 7.758 í lok janúar, 4.431 karl og 3.327 konur. Fjölgaði atvinnulausum körlum um 280 frá desemberlokum en atvinnulausum konum fjölgaði um 237.

Alls voru 825 atvinnuleitendur á aldrinum 18-24 ára án atvinnu í lok janúar og fjölgaði um 105 frá desember.

Alls höfðu 1.195 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok janúar 2024 og fjölgaði um 68 frá desember. Í janúar 2023 var fjöldi þeirra hins vegar 1.794 og nemur fækkunin 599 á milli ára.

Þeir sem höfðu verið atvinnulausir í 6-12 mánuði voru hins vegar 1.494 í janúar síðastliðnum en voru 1.331 í janúar 2023.



Atvinnugreinar

Atvinnulausum fjölgaði í flestum atvinnugreinum í janúar, mest var fjölgunin í verslun og vöruflutningum.

Atvinnulausum fækkaði lítillega í lok janúar í tveimur atvinnugreinum, fiskveiðum, -eldi og -vinnslu og fasteignasölu og -leigu.

Flestir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 1.825 sem er um 43% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá. Því næst koma Litháar, Rúmenar og Lettar.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara eftir þjóðerni í lok janúar 2024



Atvinnuleyfi, erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur


Atvinnuleyfi

Í janúar 2024 gaf Vinnuálastofnun út 323 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 276 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 111 til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 182 leyfi voru framlengt.


Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í janúar, hvort sem það var nýtt eða framlengt, fengu leyfi vegna sérfræðiþekkingar eða 155 leyfi. Þá voru gefin út 45 námsmannaleyfi og 44 þjónustusamningar. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í janúar voru flest leyfi gefin út vegna starfa stjórnenda, sérfræðinga og sérmenntaðra eða 48%, 22% vegna vegna þjónustustarfa og 14% vegna starfa verkafólks. Um 16% var í öðrum starfsgreinum.

Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar


Alls voru 4.229 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok janúar og fjölgaði um 234 frá desember. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá var um 55% í lok janúar.



Ný atvinnuleyfi eftir tegund í janúar 2024



Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, janúar 2024



Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 43 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í janúar 2024 með samtals 277 starfsmenn.

Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 443 í janúar á vegum 18 starfsmannaleiga. Flestir starfsmenn starfsmannaleiga komu frá Póllandi eða 49%, 19% frá Litháen og 13% frá Rúmeníu. Þeir sem eftir standa eða um 19% starfsmanna komu frá 12 öðrum ríkjum.

Atvinnuleit og vinnumiðlun

Flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja


Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjú mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í janúar 2024 var gefið út 61 vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 37 einstaklingar. Fimm fóru til Spánnar og þrír fóru til bæði Lettlands og Rúmeníu. Þá voru gefin út 13 vottorð til viðbótar til níu annarra ríkja.

Vinnumiðlun

Auglýst störf í vinnumiðlun

Alls komu inn 289 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í janúar. Flest auglýstra starfa voru vegna ráðningarstyrkja eða um 150 störf, önnur teljast almenn störf. Um það bil 55% starfanna eru á höfuðborgarsvæðinu, 21% á Suðurlandi og 12% á Norðurlandi eystra. Þá eru 12% annarsstaðar á landinu.

Fjöldi auglýstra starfa eftir landshlutum í janúar 2024



Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Atvinnuleitendum stendur til boða að taka þátt í þjálfun og nýsköpun og fara af skrá í allt að sex mánuði á meðan á úrræðinu stendur. Í janúar voru 144 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og níu einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk, flestir á höfuðborgarsvæðinu eða 102 einstaklingar.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistölu út frá ýmsum þáttum 5 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

Excelskjöl með tölulegum upplýsingum ítarlega brotið niður eftir bakgrunnspáttum.